



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 27. janúar 2021  
SFS2020120049  
4.6  
ADG/ag

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Efni: Samningur við SAMFOK***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. janúar 2021 voru lögð fram drög að samstarfssamningi skóla- og frístundasviðs og SAMFOK ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. janúar 2021, bréfi SAMFOK, dags. 9. desember 2020 og reglum Reykjavíkurborgar um styrki, dags. 25. maí 2017.

Samningurinn var samþykktur og vísað til borgarráðs.  
Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir  
skrifstofustjóri  
staðgengill sviðsstjóra

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 15. janúar 2021

Bréf frá SAMFOK, dags. 9. desember 2020

Drög að samstarfssamningi, ódags.

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki, dags. 25. maí 2017





## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Endurnýjun samstarfssamnings SAMFOKS og skóla- og frístundasviðs*

Samstarfssamningur milli SAMFOKS og skóla- og frístundasviðs sem undirritaður var 15. júní 2018 rann út í árslok 2020. Með bréfi, dags. 9. desember 2020 óskaði SAMFOK eftir endurnýjun samningsins og að árlegt framlag skóla- og frístundasviðs yrði það sama og verið hefur sl. þrjú ár eða 10 millj. kr. á ári.

Samningur sá sem rann út í árslok var gerður til þriggja ára að beiðni SAMFOK til að stuðla að samfellu í starfinu og tryggja starfsgrundvöll samtakanna og óskaði SAMFOK eftir að sami háttur væri hafður á að þessu sinni. Markmiðið með samningnum væri sem fyrr að tryggja sömu þjónustu við foreldra, skólasamfélagið og samstarf við Reykjavíkurborg næstu þrjú árin og verið hefur undanfarin þrjú ár.

Lagt er til að nýr samningur gildi fyrir árið 2021 og framlengist sjálfkrafa um eitt ár í senn næstu tvö árin þar á eftir með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun borgarinnar. Því til samræmis mun samningurinn renna út 31. desember 2023. Árlegar greiðslur verði kr. 10 millj. á ári og skiptist greiðslur til SAMFOK í tvennt, fyrri greiðsla ársins verði greidd 15. janúar og síðari greiðslan 15. júní ár hvert að uppfylltum öllum skilyrðum samningsins.

Starfsstyrkur til SAMFOK er þeim skilyrðum bundinn að samtökin leggi fram starfsáætlun fyrir 15. október ár hvert og kynni stöðu verkefna á fundi með skóla- og frístundasviði með yfirliti yfir stöðu verkefna og með ársskýrslu fyrir liðið ár eigi síðar en 1. júní ár hvert.

SAMFOK hefur skilað greinargóðri starfsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár þar sem fram kemur hvernig samtökin hafa sinnt verkefnum sínum á grundvelli samningsins við breyttar aðstæður í þjóðfélaginu og einnig skilað ársskýrslu fyrir árið 2019 eins og samstarfssamningur samtakanna og skóla- og frístundasviðs segir til um.

Staðfest hefur verið af innkaupaskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar að efni fyrirhugaðs samnings skóla og frístundasviðs við SAMFOK falli utan við gildissvið laga nr. 120/2016, um opinber innkaup, sbr. 14 og 35. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Því er ekki skylt að viðhafa innkaupaferli samkvæmt lögum um opinber innkaup eða innkaupareglum Reykjavíkurborgar.

Samningsfjárhæð rúmast innan núverandi fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.





Reykjavík 9. desember 2020

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur

**EFNI: Endurnýjun samstarfssamnings Reykjavíkurborgar og SAMFOK**

Hér með er komið á framfæri ósk stjórnar SAMFOK að samstarfssamningur SAMFOK við Reykjavíkurborg sem rennur út í lok árs 2020 verði endurnýjaður á sömu forsendum og liggja til grundvallar nógildandi samningi.

Með kærri kveðju,

Sigríður Björk Einarsdóttir,  
Framkvæmdastjóri SAMFOK



Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 og SAMFOK (Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík), kt. 551184-0729 gera með sér svofelldan

## SAMSTARFSSAMNING

### 1. gr. Markmið

Markmið samnings þessa er að styrkja starf grunnskólanna í Reykjavík á jákvæðan hátt með öfluglu og góðu samstarfi foreldra og skóla. Mikilvægt er að foreldrar séu í góðu samstarfi við grunnskólana, séu virkir þátttakendur í námi og starfi barna sinna og eigi þess kost að eiga hlutdeild í mótun bekkja- og skólalags. Að því skal unnið með því að:

- a. Miðla fræðslu og upplýsingum til skólaforeldra í því skyni að auka hlutdeild þeirra í skólastarfi barna sinna.
- b. Efla og styðja við starf bekkjarfulltrúa.
- c. Efla og styðja starf foreldrafélaga.
- d. Efla og styðja starf foreldra sem sæti eiga í skólaráðum.
- e. Efla og auka samstarf milli skólastjórnenda og foreldra.

### 2. gr. Samstarf

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar lítur á SAMFOK sem samstarfsaðila og fulltrúa stjórna foreldrafélaga og fulltrúa foreldra í skólaráðum í grunnskólunum í Reykjavík. SAMFOK tekur að sér að starfa í samræmi við fyrstu grein þessa samnings. Sérstök áhersla verður lögð á skóla þar sem foreldrasamstarf stendur höllum fæti að mati beggja samningsaðila.

### 3. gr. Fjárhæð styrks og skyldur samningsaðila

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar styrkir SAMFOK um 10.000.000.- kr. á árinu 2021. Styrkurinn skal greiddur með tveimur jöfnum greiðslum, þann 1. febrúar 2021 eða að fenginn samþykkt skóla- og frístundaráðs og borgaráðs og 15. júní 2021, að uppfylltum öllum skilyrðum samningsins. Greitt er inn á bankareikning SAMFOK, reikningsnúmer 334-26-8008.

SAMFOK leggur fram starfsáætlun í samræmi við stefnu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir 15. október ár hvert, þar sem fram komi stefnumarkandi skref á árinu. SAMFOK skal kynna stöðu verkefna á fundi með skóla- frístundasviði, annars vegar með yfirliti yfir stöðu verkefna áður en fyrri greiðsla ársins er greidd 15. maí og hinsvegar með ársskýrslu fyrir liðið ár eigi síðar en 1. júní ár hvert.

### 4. gr. Verkefni SAMFOK á grundvelli styrks.

Verkefni SAMFOK á grundvelli styrksins skv. 3. gr. eru eftirfarandi:

- a. Veita upplýsingar öllum þeim grunnskólaforeldrum í Reykjavík sem óska leiðbeiningar og ráðgjafar hvort sem er í síma eða í gegnum tölvupóst.
- b. Annast fræðslu og ráðgjöf til fulltrúa grunnskólaforeldra hvort sem er bekkjarfulltrúa, stjórna foreldrafélaga eða fulltrúa í skólaráðum, m.a. með námskeiðum og fræðslufundum.
- c. Veita foreldrafélögum og skólastjórnendum ráðgjöf og stuðning, sérstaklega þar sem foreldrasamstarf stendur höllum fæti.
- d. Annast gerð og uppfærslu netfangalista yfir foreldrafélög og skólaráð í grunnskólum í Reykjavík í

samvinnu við skóla- og frístundasvið.

e. Taka þátt í stefnumótun Reykjavíkurborgar sem varðar skóla- og frístundamál þegar þess er óskað og koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við yfirvöld.

f. Efla samvinnu á milli foreldrafélaga í einstökum hverfum með því að koma á tengslum innan skólahverfa og skapa foreldrum samstarfsvettvang þar sem miðlað er reynslu og þekkingu.

g. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar sendir tölvupóst til foreldra fyrir SAMFOK tvisvar á ári, í september til að kynna vetrardagskrá og í maí til að boða aðalfund.

#### 5. gr.

#### Endurkrafa vegna ofgreiðslu eða vanefnda

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt styrkfjárhæð af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka styrkfjárhæð til samtakanna við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu.

Verði um vanefndir að ræða á skyldum annars hvors samningsaðila skv. samningi þessum er gagnaðila heimilt að rifta samningnum, þ.m.t. afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu, án frekari fyrirvara eða aðvarana. Áður en til riftunar kemur skal samningsaðili þó hafa skorað á gagnaðila að bæta úr vanefndinni innan hæflegs frests.

#### 6. gr.

#### Reglur, gildistími og uppsögn

Samningur þessi gildir fyrir árið 2021. Samningurinn framlengist sjálfkrafa um eitt ár í senn, næstu tvö árin þar á eftir, ef veitt verður fé til verkefnisins í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins. Til samræmis við framangreint rennur samningurinn út 31. desember 2023.

Samningurinn er uppsegjanlegur á gildistíma sínum af hálfu beggja samningsaðila með 6 mánaða fyrirvara og miðast uppsögn við mánaðamót.

Um samning þennan fer eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki og skal geta þess í kynningarefni SAMFOK að félagið njóti styrks frá Reykjavíkurborg.

Skv. reglum Reykjavíkurborgar um styrki skulu þeir, sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg, skila kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar. Sérstaklega skal greint frá því hvaða áhrif styrkurinn hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks, sbr. mannréttindastefnu Reykjavíkur. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði á <http://www.reykjavik.is>.

Skv. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar eru styrkir borgarinnar bundnir því skilyrði að unnið sé gegn mismunum og að jafnrétti. Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar getur krafist viðtakanda styrks um greinargerð um ráðstöfun hans til að fylgjast með því að hann sé nýttur á jafnréttisgrundvelli.

Óski annar hvor samningsaðila eftir áframhaldandi samningi eftir að gildistíma lýkur skal hann koma því á framfæri hið minnsta þremur mánuðum áður en samningurinn rennur út þann 31. desember 2023.

#### 7. gr.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samnings þessa skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Reykjavík,



---

f.h. skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

---

f.h. SAMFOK

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritunum  
og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt.

---

---



## ***Reglur Reykjavíkurborgar um styrki - samþykktar í borgarráði 25.maí 2017***

# **Reglur Reykjavíkurborgar um styrki**

### **1. kafli. Markmið.**

#### **1. gr.**

Reykjavíkurborg veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda.

#### **2. gr.**

Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi.

#### **3. gr.**

Með styrkjum skal leitast við að styrkja og efna til samstarfs á grundvelli samninga (styrksamninga, samstarfssamninga, þjónustusamninga) um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Styrkir geta verið hvort sem er til einstakra verkefna eða rekstrar. Hvorki eru veittir styrkir til kaupa á húsnæði né sérstaklega til greiðslu fasteignaskatts.

### **2. kafli. Ábyrgð.**

#### **4. gr.**

Borgarráð mótar almenna stefnu í styrkjamálum Reykjavíkurborgar og ákveður borgarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til styrkja. Borgarráð getur ár hvert samþykkt sérstakt áherslusvið í styrkveitingum næsta árs og ætlað fjármagn til styrkja á því sviði af styrkjalið borgarráðs.

Borgarráð fer með úthlutun styrkja, og gerð langtímasamninga, sem falla utan við verksvið fagnefnda borgarinnar. (Borgarráð getur þó falið einstökum nefndum að annast eftirlit og framkvæmd slíkra samninga.)

#### **5. gr.**

Fagnefndir Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á meðferð styrkumsókna á sínu sviði, úthlutun styrkja og gerð samninga í umboði borgarráðs.

Einstaka fagnefndir skulu gera samþykkt um málefnaleg markmið og vinnulag í tengslum við úthlutun styrkja og samninga. Samþykktirnar skulu lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

**6.gr.**

Skrifstofa borgarstjórnar fer með ábyrgð á umsjón styrkjamála miðlægt og styrkumsóknum sem koma til afgreiðslu borgarráðs. Í því felst m.a. móttaka styrkumsókna, skráning, flokkun og vísun til fagnefnda, gerð heildaryfirlita og árleg auglýsing ásamt umsóknar- og kynningarefni á vef Reykjavíkurborgar.

**3. kafli. Meðferð og afgreiðsla umsókna og styrkja****7.gr.**

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnarsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð.

Meginreglan skal vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

**8. gr.**

Auglýst skal fyrir 1. september ár hvert eftir almennum umsóknum um styrki til Reykjavíkurborgar. Við það skal miðað að frestur til að skila inn umsóknum einn mánuður og úthlutun nefnda og ráða sé lokið í árslok. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, forsendur styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn, auk annarra hagnýtra upplýsinga. Þá skal koma fram í auglýsingu að styrkveiting feli í sér að umsækjendur undirgangist ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki

**9. gr.**

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum eyðublaðum sem skulu vera aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) og á stofnunum borgarinnar.

Auk almennra upplýsinga um umsækjanda skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókn:

- Markmið verkefnis eða starfsemi
- Tíma- og verkáætlun.
- Önnur fjármögnun verkefnis eða starfsemi og gögn því til stuðnings
- Aðrar upplýsingar, ef við á.
- Hafi umsækjendur áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilagreinar um nýtingu fyrri styrkja.

**10.gr.**

Umsóknir skulu metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins; d) hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur; e) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi f) fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn g) því hve vel þær falli að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.

Styrkþegum er skylt að skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár fyrir lok ráðstöfunarárs. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) og hjá stofnunum borgarinnar.

Þeir sem njóta styrkja borgarinnar skulu skila hlutaðeigandi styrkveitanda á vegum borgarinnar (borgarráði eða fagráði) kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar skv. nánari reglum hér á eftir. Sama gildir um þá aðila sem fá framlög frá borgarsjóði á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga.

**11. gr.**

Framkvæmdastjórar fagnefnda leggja umsóknir fyrir nefndir með rökstuddri tillögu um afgreiðslu á grundvelli samþykktra markmiða og vinnulags viðkomandi nefndar.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar annast meðferð þeirra umsókna sem koma til afgreiðslu borgarráðs og leggur rökstuddar tillögur fyrir ráðið. Ef stuðst er við umsagnir undirnefnda eða ráðgefandi aðila skulu þær umsagnir jafnframt lagðar fram.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, ef hann er veittur.

**12. gr.**

Styrkveiting gildir fyrir næsta fjárhagsár. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á.

Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Reykjavíkurborgar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

Nefndir skulu leggja styrkjasamninga, sem taka til lengri tíma en eins árs fyrir borgarráð til samþykktar.

**13. gr.**

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

**14. gr.**

Að jafnaði skulu styrkir allt að 1 m.kr. greiddir í einu lagi, styrkir á bilinu 1-2 m.kr. í tvennu lagi, styrkir á bilinu 2-3 m.kr. í þrennu lagi, en hærrí styrkir ársfjórðungslega. Sama gildir um greiðslur vegna styrksamninga. Greiðslur fara fram 16.-18. mars, júní, september og desember.

**15.gr.**

Fagnefndir skulu leggja yfirlit veittra styrkja fyrir borgarráð til kynningar eins fljótt og auðið er. Þær annast jafnframt almenna kynningu á styrkveitingum hver á sínu sviði.

**16.gr.**

Styrkþegar skulu gera grein fyrir því í árslok hvernig styrkfé hefur verið varið.

Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skuli metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

**4. kafli. Gildistaka****17. gr.**

Reglur þessar svo breyttar taka gildi frá og með samþykkt í borgarráði 25.mái 2017 og falla þá úr gildi eldri reglur samþykktar af borgarráði.





Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 27. janúar 2021  
SFS2020120049  
4.6  
ADG/ag

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Efni: Samningur við SAMFOK***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. janúar 2021 voru lögð fram drög að samstarfssamningi skóla- og frístundasviðs og SAMFOK ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. janúar 2021, bréfi SAMFOK, dags. 9. desember 2020 og reglum Reykjavíkurborgar um styrki, dags. 25. maí 2017.

Samningurinn var samþykktur og vísað til borgarráðs.  
Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir  
skrifstofustjóri  
staðgengill sviðsstjóra

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 15. janúar 2021

Bréf frá SAMFOK, dags. 9. desember 2020

Drög að samstarfssamningi, ódags.

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki, dags. 25. maí 2017

